





**Byggingarlýsing fyrir Hafnarborg, Strandgötu 34.**

Byggingin er úr steinsteypu, einangruð að innan, að utan er hún pússuð og máluð hvít. Þak er sperruásaþak, klætt með bárustáli. Í byggingunni er rekið listasafn og veitingastaður.
Teikningar eru byggðar á teikningum eftir Vinnustofuna Klöpp hf., samþykktum 11.08.1988 og mæliblaði 21,844,3 frá Bæjarverkfræðingnum í Hafnarfirði teiknað í júní 1995 með áorðnum breytingum.
Núverandi skrifstofu og sýningarsal á annari hæð er breytt í kynningarskála sem nýttur verður í tengslum við sýningar.
Flóttaleið úr sýningarsal annarar hæðar inn í stigahús Strandgötu 34, sem snýr út að Strandgötu, er færð inn í kynningarskála og þaðan inn í stigahús.
Að öðru leiti er byggingin óbreytt.

**Brunavarnalýsing**

Brunavarnalýsing er unnin af Eflu verkfræðistofu dags. 2. maí 2014. Lýsingin tekur til húsnæðis Hafnarborgar .
Brunahólfun:
Brunahólfun er samkvæmt teikningu. Eldri lyftustokk verður breytt í geymslur í kjallara og á 1. hæð, með EI60 veggjum og EI2 30-CSm hurðum. Hæðarskil munu uppfylla a.m.k. EI60. Framan við lyftuhurð í kjallara verður EI2 30-CSm hurð.
Burðarvirki:
Reiknað er með að núverandi burðarvirki uppfylli a.m.k. R60.
Klæðningar:
Allar nýjar klæðningar í lofti og veggjum innanhúss verða í flokki 1 (B-s1, d0 skv. ÍST EN 13501-1).
Flóttaleiðir:
Úr kjallara er flóttaleið yfir í annað brunahólf um brunastúku og stiga inn í veitingasal á 1. hæð. Úr veitingasal eru tvær flóttaleiðir; annars vegar til suðurs fram á gang, um anddyri og þaðan út, hins vegar til norðurs í gegn um eldhús og þaðan út um anddyri. Úr sýningarsölum eru greiðar flóttaleiðir til austurs, og út um anddyri til vesturs. Frá 2. hæð eru þrjár flóttaleiðir; niður stiga og út um aðalanddyri, í gegn um kynningarskála og stigahús út til austurs, og út um neyðarútgang til norðurs og þaðan niður hringstiga.
Út- og neyðarlýsing:
Í byggingunni eru Út-ljós og neyðarlýsing skv. teikningum.
Brunaviðvörunarkerfi:
Brunaviðvörunarkerfi er í allri byggingunni og er það tengt viðurkenndri vaktstöð. Stjórnstöð fyrir kjallara er í rými inn af brunastúku í kjallara. Stjórnstöð fyrir aðra hluta hússins er í aðalanddyri.
Handslökkvibúnaður:
Brunaslanga er staðsett skv. teikningu. Handslökkvitæki eru valin og staðsett í samráði við eldvarnaeftirlit.
Viðhald brunavarna:
Til staðar er þjónustusamningur um eftirlit og viðhald á brunaviðvörunarkerfi. Setja skal upp eigið eldvarnareftirlit fyrir húsnæðið í samræmi við Reglugerð um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði.
Breytingar
Breytingar á brunavörnum skulu hljóta samþykki viðeigandi yfirvalda og unnar í samvinnu við brunahönnuð.

**Stærðir, brúttó.**

Kjallari: Flatarmál: 564 m2. Rúmmál: 1466,3 m3
1.hæð: Flatarmál: 776,8 m2. Rúmmál: 2517,5 m3
2.hæð: Flatarmál: 754,1 m2. Rúmmál: 2967 m3
3.hæð: Flatarmál: 231,8 m2. Rúmmál: 587,5 m3
Bygging alls: Flatarmál: 2326,7 m2. Rúmmál: 7788 m3

**Staðgreinir.**
1400-1-84000340

# HAFNARBORG
Grunnmynd 2.hæð

VERKHLUTI:
Aðaluppdráttur - BNF

| | |
|---|---|
| VERK NR.: | 1096 |
| DAGS.: | 05.05.2014 |
| MKV.: | 1/100 |

**PK - ARKITEKTAR**
Pálmar Kristmundsson, kennitala: 080455-5269
Þórunnartúni 2, 105 Reykjavík, Ísland.
Sími: 5518050 Fax: 551 8077 Netfang: pk@pk.is www.pk.is

TEIKNING NR.: 02